# Umsóknarvefur Völu leikskóla

## 1 BREYTA UMSÓKN

Þegar umsókn hefur verið send inn vegna leikskóla og þörf er á að framkvæma breytingar t.d. breyta leikskólavali eða tímasetningum þá er farið inn á umsóknarsíðuna.

https://umsokn.vala.is/login




Þegar innskráningu er lokið þá birtist þessi gluggi. Undir *„núverandi skráningar“* er hægt að sjá allar umsóknir sem eru virkar. Til að breyta umsókn sem þegar er til er smellt á flipann *„umsóknir“*




Til að breyta umsókn er smellt á blýantinn (sjá gulmerkt)



Opnast þá umsóknin og hægt er að framkvæma þær breytingar er þörf er á hvort sem um ræðir leikskólaval, tímasetningar, ofnæmi, tengiliði o.s.frv.

Athugið að fylla verður út í alla reiti sem eru stjörnumerktir *

## Uppröðun leikskóla breytt

Ef búið er að velja t.d. 5 leikskóla og breyta á uppröðun á þeim sömu þá þarf að byrja á að fara í fellilista leikskóla og velja ,,leikskólaval" til að nafnið á leikskólunum birtist í fellilista neðar eða ofar í valinu.




Séu leikskólar með skráðan hámarkstíma og farið er yfir það þá birtist athugasemd eins og sjá má hér fyrir neðan. Tímasetningar þurfa að vera innan marka svo hægt sé að vista breytingar.



Þegar búið er að færa inn breytingar þá er farið neðst á síðuna og hakað í ,,ég samþykki að umsókn sé rétt útfyllt“ og smellt á ,,breyta“.




Birtist þá gluggi eins og þessi í efra, vinstra horni og er þá umsóknin komin til skila.

